



5. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin í Þingborg, miðvikudaginn 22. október kl. 14:30

Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, fulltrúi Grímsnes-og Grafningshreppi, formaður
Þröstur Jónsson fulltrúi Hrunamannahreppi, varaformaður
Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps
Lilja Össurardóttir, fulltrúi Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings, starfsmaður ráðsins

Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar, Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð og Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási boðuðu forföll og varamann gátu heldur ekki mætt.

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

1. Dagdvöl fyrir aldraða – hver er staðan

Á síðasta fundi upplýsti AI að Sólrún Erla Gunnarsdóttir hafi verið fengin til að kortleggja stöðuna og vera í sambandi við ráðuneytið til að koma dagdvöl fyrir aldraða í uppsveitum að laggirnar. Ekki miklar fréttir um gang mála en Sólrún upplýsti AI að hún hefði sent fyrirspurn þann 13. október sl. á félags-og húsnæðismálaráðuneytisins og fengið lítil svör annað en að ráðuneytið sé að vinna að gerð áætlanna varðandi dagdvalir en það hafi dregist og því getur ráðuneytið ekki gefið neitt ákveðið svar vegna áætlun um dagdvöl í uppsveitum Árnessýslu.

Bókun:

Öldungaráð harmar þann seinagang sem orðið hefur hjá ráðuneytinu og krefst þess að sveitarfélögin ýti á ráðuneytið að flýta afgreiðslu málsins. Ráðið ítrekar bókun sína frá fundi 2. apríl sl. þar sem lögð var áhersla á að sveitarfélögin tryggi að húsnæði sé tilbúið þegar leyfi fyrir dagdvöl liggur fyrir.

Meirihluti af mættum fulltrúum öldungaráðs leggur til að dagdvöl verði staðsett í Laugarási, í núverandi húsnæði heilsugæslunnar. Fulltrúar Hrunamannahrepps, Þröstur Jónsson og Guðrún Alfreðsdóttir óskaðu eftir að bókað yrði að þau taki ekki undir þann hluta bókunarinnar sem varðar ákvörðun um staðsetningu dagdvalar.

2. Fréttir úr sveitarfélögunum

- a) **SKO** greindi frá því að stofnað hafi verið félag eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þau hafi verið með reglulegar gönguferðir í sumar og haldi áfram að hittast reglulega.

- b) **HK** sagði frá reglulegum hittingum hópsins 60+ í Flóahreppi. Ekki hafi verið mikill vilji til að stofna formlegt félag. Farið var í ferð til Grindavíkur þar sem þátttakendur fengu góða leiðsögn og ríkti almenn ánægja með ferðina.
- c) **BP** greindi frá því að félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hittist reglulega. Ýmis starfsemi fer fram, svo sem sund og jóga. Farið var í fjögurra daga ferð til Ísafjarðar með góða þátttöku, auk þess sem hópurinn heimsótti Grindavík og fékk þar skemmtilega leiðsögn. Rætt var um sameiginlega árshátíð eldri borgara í uppsveitum, sem hefur verið haldin undanfarin þrjú ár og hefur tekist vel. Lagt var áherslu á að halda þeirri hefð áfram. Félagið telur um 60 félagsmenn.
- d) **GA** sagði frá öflugri starfsemi hjá félagi eldri borgara í Hrunamannahreppi. Reglulegir hittingar eru á þriðjudögum og fimmtudögum, auk þess sem margir hittast í heilsurækt, sundi og fleiri viðburðum á milli. Félagsmenn fóru í ferð til Reykjaness, þar á meðal til Grindavíkur einnig var farið í ferð til Færeyja sl. sumar. Félagið telur um 100 félagsmenn.
- e) Rætt var um að félög eldri borgara á öllu svæðinu gætu unnið meira saman, til dæmis með því að sækja sameiginlega fyrirlestra og viðburði. Sem dæmi má nefna að félag eldri borgara í Hrunamannahreppi er með opið hús einu sinni í mánuði þar sem gestafyrirlesarar koma reglulega. Lagt var til að gott væri að hafa ákveðið sameiginlegt plan eða dagatal þannig að öll félögin séu meðvituð um hvenær viðburðir og samverkefni eru fyrirhuguð.

3. Önnur mál

- a) **SKO**, frá Grímsnes- og Grafningshreppi sagði frá fyrirlestri sem hún fór á um netöryggi. Umræða var um netöryggi og aukningu á því að verið sé að reyna að komast inn í bankareikninga eldra fólks. Mikilvægt að allir séu vakandi fyrir þessu og félög eldri borgara eru hvött til að ræða þessi mál innan félagsmanna sinna.
- b) Rætt var um þá þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á hjá velferðarþjónustunni. Farið var yfir tölulegar upplýsingar um hve margir fá félagslega heimaþjónustu; í dag fá um 78 heimili slíkrar þjónustu. **BP**, frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, greindi frá því að starfsmenn velferðarþjónustunnar hafi komið á fund til þeirra með það að markmiði að kynna hvaða þjónusta er í boði. **AI** upplýsti að félög eldri borgara geti haft samband við velferðarþjónustuna og fengið fulltrúa til að koma á fund til þeirra með það að markmiði að kynna þjónustuna.
- c) **AI** hvatti fulltrúa öldungaráðs að koma með ábendingar um fundarefni fyrir næsta fund.
- d) Næsti fundur er áætlaður 8. apríl 2026 á Borg í Grímsnesi

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16:30

*Sigríður Kolbrún Oddsdóttir
Pröstur Jónsson
Halla Kjartansdóttir
Lilja Össurardóttir*

*Guðrún Alfreðsdóttir
Bergljót Þorsteinsdóttir
Anný Ingimarsdóttir*